

ákveðin sem svarar minnst fjórföldum skatti, sem undan var dreginn, þó aldrei 88
yfir 1000 kr. 22. ágúst

Mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal fara með sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 22. ágúst 1936.

Hermann Jónasson.

Ragnar Bjarkan.

AUGLÝSING

89

Ráðuneytið hefir í dag framlengt reglugerð um fjallskil í Kelduneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu frá 22. ágúst 1935 til þess að gilda fyrst um sinn. 22. ágúst

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. ágúst 1936.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

AUGLÝSING

90

um staðfesting heilbrigðismálaráðuneytisins á heilbrigðissamþykkt fyrir Skagastrandarkauptún. 24. ágúst

Samkvæmt lögum nr. 64 frá 10. nóvember 1905 um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfélög, er hér með staðfest eftirfarandi heilbrigðissamþykkt fyrir Skagastrandarkauptún, sem sýslunefnd Húnavatnssýslu hefir samþykkt eftir tillögum hreppsnefndar.

HEILBRIGÐISSAMÞYKKT

fyrir Skagastrandarkauptún.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Í Skagastrandarkauptúni skal vera 3 manna heilbrigðisnefnd. Hreppstjórinn er formaður nefndarinnar, 2. maður er kosinn af hreppsnefndinni og sá 3. af sýslunefndinni, báðir til eins árs í senn.